

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið,
Guðríður Þorvarðardóttir
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. desember 2014
2014030036/42-11
TB, KJ, BM
jgo/tb

Vegna beiðni um breytinga á svæði nr. 618 á náttúruminjaskrá

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 26. mars. sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um sameiginlega beiðni frá sveitarfélögum Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði og eigendum/umráðamönnum jarðanna Sturluflatar, Víðavallagerðis, Víðvalla fremri, Klúku, Víðivalla ytri II, Víðivalla ytri I, Hrafnkellsstaða og Vallholts í Fljótsdalshreppi og Hallormsstaðar á Fljótsdalshéraði. Beiðist er velvirðingar á því að erindinu hefur ekki verið svarað fyrir en nú sem m.a. er vegna þess að vonast var til þess að á þessu ári næðist að kortleggja vistgerðir á Íslandi, þ.m.t. birkiskóga landsins, og meta verndargildi þeirra, sjá síðar.

Eins og kemur fram í gögnum málsins eru uppi efasemdir um að svæðið eigi heima á náttúruminjaskrá þar sem að rökstuðningur fyrir veru þess þar finnst ekki og auk þess er bent á texta Helga Hallgrímssonar um Ranagriðland þar sem hann segir: „Þarna er allur Gilsárdalur innifalinn, en landslag eða lífríki hans gefur varla tilefni til þess.“ Helgi bendir á að tengja saman Gilsárgriðland og Hallormsstaðargriðland. Ekki eru færð frekari rök fyrir því að Gilsárdalur skuli ekki vera á náttúruminjaskrá. Landeigendur benda einnig á að svæði á náttúruminjaskrá leggi ákveðnar kvaðir á eignir þeirra.

Náttúrufræðistofnun vinnur nú að kortlagningu vistgerða á landinu, mati á verndargildi þeirra og gerð tillagna um vernd þeirra. Tekið skal fram að tillögur stofnunarinnar munu eingöngu byggja á vísindalegu mati sbr. tillögur stofnunarinnar við gerð náttúruverndaráætlunar. Í því mati felst að meta hvað telst vert að vernda m.t.t. mikilvægis vistgerða á lands- og staðarvísu svo og verndargildis einstakra tegunda og búsvæða þeirra. Einnig er lagt mat á ógnir sem steðja að mikilvægum vistgerðum, búsvæðum og einstökum tegundum. Tillögur Náttúrufræðistofnunar munu ekki byggja á öðrum þáttum s.s. nýtingu lands, hvort sem um er að ræða t.d. landbúnað, ferðaþjónustu eða framkvæmdir því verndargildi náttúrunnar sjáfrar byggist ekki beint á þeim þáttum. Landnotkun og samspil við verndarsvæði verður að sjálfsöðu þáttur í vali á endanlegum verndarsvæðum þegar að því kemur.

Eins og að framan greinir vonaðist Náttúrufræðistofnun eftir því að vera komin lengra í kortlagningu vistgerða en raunin er og stafar sú seinkun m.a. af breytingum sem hafa átt sér stað varðandi fjárhag stofnunarinnar vegna svokallaðra IPA styrkja. Engu að síður eru það



áform Náttúrufræðistofnunar að leggja fram tillögur um svokölluð Emerald Network verndarsvæði, net verndarsvæði um alla Evrópu skv. Bernarsamningnum, árið 2016 en þar verður kortlagning vistgerða grunnur þeirra tillagna. Tillögurnar verða vonandi hluti af nýrri og endurskoðaðri náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun telur ekki eðlilegt að breyta mörkum einstakra svæða á náttúruminjaskrá án þess að gengið sé úr skugga um hvort vegi þyngra rök sem mæla með breytingum eða gegn þeim. Í þessu tilfelli breytingar er varða svæði nr. 618 á náttúruminjaskrá.

Nokkur atriði sem þarf að skoða:

1. Ekki kemur fram hvaða kvaðir það eru og hvers vegna núverandi núverandi náttúruminjaskrá er íþyngjandi fyrir landeigendur.
2. Tillaga að nýrri afmörkun virðist ná yfir of lítið svæði þar sem stór hluti birkiskógarins virðist utan tillögunar. Rétt er að benda á að mikil áhersla hefur almennt verið lögð á að vernda gróður í landinu þ.m.t. að vernda sérstaklega birkiskóga.
3. Á loftmyndum sést afar vel varðveittur malarás á Gilsárdal.
4. Á loftmyndum sést einnig skýrt að skógrækt hefur verið stunduð í stórum stíl innan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Kanna þarf hvort gengið sé á birkiskóga vegna þessa.
5. Vel getur komið til greina að skoða núverandi mörk nánar að mati Náttúrufræðistofnunar, en það krefst frekari úttektar á svæðinu sbr. hér að ofan. Hvorki er ásættanlegt að setja svæði á náttúruminjaskrá eða taka af henni án góðra upplýsinga um hvers vegna það er gert.


Rétt er að taka fram að mörg svæði hafa verið sett á náttúruminjaskrá vegna þekkingar einstakra náttúruvísindamanna á ákveðnum svæðum eða ákveðnum þáttum í náttúru svæðanna. Óhætt er að segja að í flestum tilfellum hafa svæði á náttúruminjaskrá staðist tímans tönn þó alltaf megi endurskoða t.d. mörk svæðanna. Taka verður líka tillit til þess að upplýsingar um náttúruna verða seint fullkomnar og að frekar ber að fara varlega en að láta skort á upplýsingum/rannsóknnum vera ástæðu fyrir ákvarðanatöku sem getur haft í för með sér neikvæð áhrif, sbr. varúðarregluna. Einnig er það svo að mörg svæði eða tilteknir þættir í náttúrufari þeirra, t.d. einstaka tegundir, varplönd o.s.frv., er hægt að vernda án þess að það bitni endilega á annarri landnotkun ef sú landnotkun tekur tillit til þessa. Þetta er gert um allt meginland Evrópu en segja má að þar sé það enn flóknað en hér á landi þar sem Evrópa er gríðarlega þéttbýl og ræktun mjög mikil.

Náttúrufræðistofnun mælir með því að beðið verði með að taka afstöðu til breytinga á svæði nr. 618 á náttúruminjaskrá þar til nýtt vistgerðrakort af landinu er tilbúið og/eða að gerð sé sérstök úttekt á náttúrufari svæðisins.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

